

Þriðjudaginn 29. nóvember 1977.

Nr. 219/1974. **Bergþóra Jónsdóttir og Halldór Jónsson,**
eigendur jarðarinnar Stekkholts,

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Birni Sigurðssyni, eiganda jarðarinnar
Úthlíðar II, Sigurði Jónssyni, eiganda
jarðarinnar Úthlíðar I,

(Sigurður Ólason hrl.)

og Hauki Þórðarsyni og Steinari Þórðarsyni,
eigendum jarðarinnar Hrauntúns

(Hjörtur Torfason hrl.).

Landskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarrsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 20. desember 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. nóvember s. á. Krefjast þeir þess, að felld verði úr gildi yfirlandskiptagerð á Úthlíðartorfu, það er jörðunum Úthlíð, Stekkholti og Hrauntúni, 15. maí 1965 og að ákveðið verði, að við ný skipti verði tekin til skipta sameiginlegt land norður að línu, „sem hugsast dregin austan frá Fari norðan Miðfells beina línu vestur í Bröttuskriðu í Högnahöfða“. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjendur, sem höfðu gjafsókn í héraði, fengu gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 28. febrúar 1977.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Þá krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál. Stefndu Björn, Sigurður og Steinar, sem höfðu gjafvörn í héraði, fengu gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfum dómsmálaráðu-

neytisins, Björn 11. nóvember 1977, Sigurður 28. febrúar 1977 og Steinar 20. apríl 1977.

Með úrskurði Hæstaréttar 3. mars 1977 var aðiljum máls þessa gefinn kostur á að afla gagna um tiltekin atriði. Af því tilefni hafa aðiljar, aðrir en áfrýjandi Bergþóra Jónsdóttir og stefndi Sigurður Jónsson, gefið skýrslur fyrir dómi, og lögð hefur verið fram skrifleg yfirlýsing þess síðarnefnda. Einn yfirlandskiptamanna, Einar J. Helgason, Holtakotum, og ábúandi Miðhúsa, Sighvatur Árnason, hafa komið fyrir dóm til skýrslugjafar. Nokkur önnur gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Áfrýjendur hafa fyrir Hæstarétti fært fram eftirtaldar ástæður, sem þeir telja, að eigi að valda því, að fella beri yfirlandskiptagerðina úr gildi:

1. Svo sem greint er í hinum áfrýjaða dómi, halda áfrýjendur því fram, að landskiptin hefðu átt að taka til mun stærra lands en landskiptamenn tóku til skipta. Hefði átt að skipta öllu sameiginlegu landi Úthlíðartorfunnar norður að línu, „sem hugsast dregin austan frá Fari norðan Miðfells beina línu vestur í Bröttuskriðu í Högnahöfða“. Stefndu telja, að skipt hafi verið öllu því landi, sem skylt sé að skipta samkvæmt 1. gr. laga nr. 46/1941. Yfirlandskiptanefnd tekur fram í skiptagerð sinni 15. maí 1965, að eigi sé fært að skipta landi Úthlíðartorfu lengra til norðurs en hún gerði, þar sem land þar fyrir norðan verði ekki nýtt til vetrarþeitar vegna fjarlægðar frá byggð. Hefur ekki verið sýnt fram á, að svo hafi verið gert. Ekki hafa verið lögð fram nein gögn, er sýni, að heimaland í skilningi 1. gr. nefndra laga nái lengra til norðurs en land það, sem skipt var. Samkvæmt þessu verður ekki fallist á, að landskiptamönnum hafi borið að taka stærra land til skipta en þeir gerðu. Verður landskiptagerðin eigi felld úr gildi á þessum forsendum.

2. Áfrýjendur telja, að landskiptin hafi ekki verið miðuð við rétt merki milli Úthlíðartorfunnar og jarðarinnar Miðhúsa í svonefndum Kálfársporðum.

Tvær ár, Innri Kálfá og Fremri Kálfá, falla í Brúará. Eru Kálfársporðar þar á milli. Samkvæmt landamerkjabréfi jarð-

arinnar Úthlíðar ásamt Stekkholti og Hrauntúni er landamerkjum milli jarðanna lýst svo, að þau séu „frá Djákna-
steini sjónhending í Fögrubrekku miðja fyrir norðan Hrúthagasel út á Kálfá stefnu í Arnarhól, sem ræður fram í Brúará“. Á uppdrætti þeim, sem yfirlandskiptanefnd hefur látið gera af hinu skipta landi, er merkjalínan dregin úr Djákna-
steini um Fögrubrekku að Brúará í beina stefnu á Arnarhól. Fellur þá hluti af Kálfársporðum vestan og utan marka þess lands, sem Úthlíð fékk í sinn hlut. Áfrýjandi Halldór Jónsson hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann telji fullvíst, að Innri Kálfá ráði merkjum í Brúará, þannig að Innri Kálfársporður tilheyri Úthlíðartorfu. Hann kveðst einnig hafa heyrt, að svæðið milli Kálfánna vestan línunnar tilheyri Úthlíðartorfu, en vill þó eigi fullyrða, að svo sé. Stefndu hafa allir lýst yfir því, að báðir Kálfársporðar tilheyri Miðhúsum. Vitnið Sighvatur Arnórsson í Miðhúsum telur merkin rétt sýnd á uppdrætti yfirlandskiptamanna að Innri Kálfá. Hins vegar telur hann geta verið álitamál, hvort merkjalínan sé rétt dregin frá Innri Kálfá í Brúará eða hvort hún eigi að fylgja Innri Kálfá. Þetta hafi aldrei komið til tals og sé um svo lítið svæði að ræða, að ekki skipti máli. Sér finnst þó ef til vill réttara, að línan fylgi Innri Kálfá, eða hann hafi frekar gert ráð fyrir því.

Í yfirlandskiptagerðinni segir, að Úthlíð fái land, „sem takmarkast af þinglesnum landamerkjum Úthlíðartorfu og Miðhúsa að suðvestan“. Af þessum orðum virðist ótvírætt, að yfirlandskiptanefnd hefur haft í hyggju, að merki hins úrskipta lands Úthlíðar að suðvestan væru hin sömu og merki Miðhúsa og Úthlíðartorfu og ekkert óskipt land yrði þar á milli.

Áfrýjandi Halldór Jónsson hefur, eins og áður segir, lýst því fyrir dómi, að hann vilji eigi fullyrða, að svæðið milli Kálfánna, Fremri Kálfársporður, tilheyri Úthlíðartorfu, og það er samhljóða álit annarra þeirra, sem um það hafa borið, að þetta svæði tilheyri Miðhúsum. Verður hér við það að miða, að svo sé. Getur þá ágreiningurinn aðeins varðað Innri Kálfársporð. Samkvæmt yfirlýsingum málsaðilja er þar um

að ræða tvo til þrjá hektara lands, að miklu leyti ógróið. Verður ekki talið, að það hefði haft áhrif á landskiptalínur, þótt yfirlandskiptamenn hefðu talið, að Innri Kálfársporður tilheyrði Úthlíðartorfu. Verður yfirlandskiptagerðin því eigi felld úr gildi af þessum sökum.

3. Af hálfu áfrýjenda er því haldið fram, að sú ákvörðun yfirlandskiptanefndar að marka Stekkholti ekki ákveðna braut til fjárrekstrar um lönd Hrauntúns og Úthlíðar fái ekki staðist.

Yfirlandskiptamaðurinn Einar J. Helgason í Holtakotum hefur komið fyrir dóm. Hann hefur skýrt svo frá, að ákvæði yfirlandskiptagerðarinnar um upprekstrarleið frá Stekkholti hafi hann skilið og skilji svo, að þar sé átt við, „að leyfi væri til umferðar með fé og hesta eftir þeirri leið, sem farin hafi verið og sé raunar farin enn frá Hrauntúni um Hellisgötu inn á Miðfellsflati“. Aðrir landskiptamenn hafa ekki komið fyrir dóm eða látið uppi álit sitt um þetta, en þrír þeirra eru látnir og einn farinn að heilsu.

Stefndu Björn og Sigurður hafa lýst yfir því, að hin hefðbundna upprekstrarleið Stekkholts ofan Andalækjar sé frjáls og óhindruð upp með Andalæk, um bílfært hlið við Andalækjarbrú á Kónsveg og eftir honum á Hellisgötu inn að Miðfelli. Hefur stefndi Björn staðfest þessa yfirlýsingu sína fyrir dómi og merkt leið þá, sem að framan getur, á uppdrátt. Þá hefur stefndi Björn bent á aðra rekstrarleið, sem til greina geti komið.

Stefndu Haukur og Steinar hafa komið fyrir dóm. Telja þeir leiðir þær, sem stefndi Björn hefur bent á, vel nothæfar og eðlilegar til upprekstrar.

Hinn 22. júlí 1976 afsöluðu stefndu Haukur og Steinar nokkrum rétti yfir skóglendi Hrauntúns til Skógræktar ríkisins. Hefur Skógræktin lýst yfir því, að girðingar hennar muni ekki á nokkurn hátt torvelda upprekstur fjár frá öðrum bæjum í sveitinni.

Þá hafa þeir Sighvatur Arnórsson, Miðhúsum, og Hárlaugur Ingvarsson, Hlíðartúni, gefið vottorð þess efnis, að rekstrarleiðin frá Stekkholti upp með Andalæk í óskipta land-

ið innan við Miðfell sé opin allri umferð. Við Andalækjarbrú sé eitt hlið, sem allir geti opnað, og um aðrar tálmanir sé ekki að ræða á leiðinni. Vottorð þetta hefur Sighvatur staðfest fyrir dómi.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, segir í yfirlandskiptagerðinni, að ábúandi Stekkholts hafi rétt til „fjárrekstrar yfir skipt lönd, enda valdi slikur fjárrekstur eigi tjóni á hinu úrskipta landi“. Ljóst er, að áfrýjendur eiga rétt á að koma búfé sínu að og frá hinu óskipta landi, en fallast verður á þá niðurstöðu héraðsdóms, að þessi réttur sé nægilega tryggður Stekkholti, eins og hann er orðaður í yfirlandskiptagerðinni. Verður skiptagerðin eigi felld úr gildi af þessum sökum.

4. Áfrýjendur telja auk þess, sem nú er greint, að þeir gallar séu á landskiptagerðinni, að óskipta landið liggi svo fjarri Stekkholti, að ógerningur sé að nýta það nema til sumarbeitar. Auk þess sé Stekkholtsland alveg einangrað frá því. Ekki verður fallist á, að yfirlandskiptagerðin sé haldin neinum þeim ágöllum að þessu eða öðru leyti, að það eigi að valda ógildingunni hennar.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Akvæði héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað eru staðfest.

Dæma ber áfrýjendur óskipt til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 220.000 krónur, er renni í ríkissjóð, og 75.000 krónur til stefnda Hauks Þórðarsonar.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjenda, þar með talin málsóknarlaun skipaðs talsmanns þeirra, 180.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Allur gjafvarnarkostnaður stefndu Björns, Sigurðar og Steinars greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns þeirra Björns og Sigurðar, 140.000 krónur, og skipaðs talsmanns stefnda Steinars, 70.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Bergþóra Jónsdóttir og Halldór Jónsson, greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, 220.000 krónur, sem renni í ríkissjóð, og 75.000 krónur til Hauks Þórðarsonar.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjenda, þar með talin málsóknarlaun skipaðs talsmanns þeirra, Páls S. Páls-sonar hæstaréttarlögmanns, 180.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Allur gjafvarnarkostnaður stefnda Björns Sigurðssonar, Sigurðar Jónssonar og Steinars Þórðarsonar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns þeirra Björns og Sigurðar, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, 140.000 krónur, og skipaðs talsmanns stefnda Steinars, Hjartar Torfasonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Árnassýslu 26. júlí 1974

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 17. þ. m., var upphaflega höfðað af föður sóknaraðilja, Jóni heitnum Jónassyni, bónda í Stekkholti, Biskupstungnahreppi, með stefnu, útgefinni 9. nóvember 1970 og þingfestri hinn 8. janúar 1971, á hendur þeim Sigurði Jónssyni, bónda og eiganda að Úthlíð I í Biskupstungum, og þeim Hauki Þórðarsyni, lækni að Reykjalundi, og Steinari Þórðarsyni verslunarmanni, báðum til heimilis að Bergþórugötu 15, Reykjavík, eigendum jarðarinnar Hrauntúns í Biskupstungum.

Af hálfu sóknaraðilja er því haldið fram, að Jón heitinn Jónasson, faðir þeirra, hafi höfðað mál þetta í þeirra umboði, en þau Bergþóra og Halldór voru orðnir eigendur að jörðinni Stekkholti, er mál þetta var höfðað, og eru bæði búsett þar. Faðir þeirra andaðist hinn 18. desember 1972. Eftir það tóku þau systkinin við sóknaraðild málsins.

Á dómþingi hinn 10. september 1973 gerðist Björn Sigurðsson, eigandi Úthlíðar II, Biskupstungum, varnaraðili, óstefndur, við hlið föður síns, Sigurðar Jónssonar, eiganda Úthlíðar I.

Reynt hefur verið að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Hin svokallaða Úthlíðartorfa í Biskupstungum var áður í oskiptri sameign jarðanna Úthlíðar (að 60 hundraðshlutum), Stekkholts (að 22 hundraðshlutum) og Hrauntúns (að 18 hundraðshlutum). Dagana 23. og 27. september 1951 fóru fram landskipti milli téðra jarða. Í landskiptanefndinni voru eftirtaldir menn: Erlendur Björnsson hreppstjóri, Skúli Gunnlaugsson úttektarmaður og Rögnvaldur Guðjónsson, sem var oddamaður. Við skiptin var farið eftir jarðamati frá árinu 1922. Ekki þykir ástæða til að lengja dóminn með því að rekja þessi landskipti hér. Jón heitinn Jónasson, þáverandi eigandi Stekkholts, vildi ekki una þessum landskiptum og óskaði yfirlandskipta.

Með bréfi, dags. 12. maí 1952, skipaði sýslumaðurinn í Árnes-sýslu eftirtalda menn í yfirlandskiptanefndina:

Einar J. Helgason bónda, Holtakotum,
Pál Diðriksson bónda, Búrfelli,
Guðmund Guðmundsson bónda, Efri Brú,
Teit Eyjólfsson bónda, Eyvindartungu, og
Þorstein Sigurðsson bónda, Vatnsleysu,

er skipaður var formaður yfirlandskiptanefndarinnar.

Mjög mikill dráttur varð á framkvæmd yfirlandskiptanna, og varð þeim eigi lokið fyrr en hinn 15. maí 1965. Í yfirlandskiptagerðinni segir svo um þennan drátt: „Upphaflega áfrýjaði Jón Jónasson þessum landskiptum til yfirskipta vegna þess, að hann taldi, að ábúðar- og eignarjörð sín Stekkholt hefði fengið mikils til of lítið af Stekkholtsmýri, og mun hafa gert kröfu til að fá hana alla í sinn hlut.

Þegar nefndin kom saman til skipta 18. maí 1956, gerði Jón Jónasson þá kröfu, að öllu landi Úthlíðartorfunnar væri skipt. Nefndin neitaði því á þeim forsendum, að hún hefði ekki leyfi lögum samkvæmt að skipta stærra landi en skiptanefnd við undirskipti hefði tekið til skipta, en enginn ágreiningur var gerður af eigendum áðurnefndra jarða um þá landstærð, sem þá var tekin til skipta.

Yfirlandskiptanefndin hafði hugsað sér að ljúka skiptunum svo að segja í einni lotu, en að morgni hins 19. maí kom tilkynning frá sýslumanni til formanns yfirskiptanefndar um, að skiptunum skyldi frestað um óákveðinn tíma.

Málið lá svo niðri af allra hálfu til 31. október 1961, svo sem

fyrr greinir. Var nefndin sammála um það, að nauðsynlegt væri að athuga undirskiptin fræðilega, svo sem frekast væri kostur, til þess að fá úr því skorið, hvort jarðirnar, hver og ein, hefðu fengið við skiptin rétt verðmætis- og hundraðshlutföll, en þau eru: Úthlíð 60 hundraðshlutar, Stekkholt 22 hundraðshlutar og Hrauntún 18 hundraðshlutar samkvæmt fasteignamati frá 1922.

Samkvæmt ákvörðun nefndarinnar fór formaður hennar á fund Pálma Einarssonar, landnámsstjóra, og falaðist eftir, að hann léti nefndinni í té fræðilega aðstoð. Varð hann við þeim tilmælum, og hafa Sigurður Sigvaldason, verkfræðingur, og Stefán Sigfússon, búfræðikandidat, starfsmenn hjá landnámi ríkisins, unnið að verkinu meira og minna. Hinn 28. júní 1962 ferðaðist Sigurður um allt hið úrskipta land til að kynna sér landið, gróðurfar þess og legu svo og aðstöðu alla gagnvart hverri jörð, sem skiptin náðu til. Um haustið voru svo línur mældar á Stekkholtsmýri til leiðréttingar á loftmyndum og kort teiknað. Kom þá í ljós, að mjög skorti á, að rétt væri skipt, svo og að Úthlíð fékk aðeins um 40 hundraðshluta, Stekkholt aftur á móti um 36 hundraðshluta og Hrauntún um 24 hundraðshluta miðað við landstærð.

Að þessari niðurstöðu fenginni fór formaður yfirskiptanefndar til sýslumanns Árnessýslu og tjáði honum, að sér virtist ógerningur að breyta skiptunum, þannig að hver jörð fengi sín réttu hundraðshlutföll, nema með því móti að skerða svo mjög heimaland Stekkholts, þ. e. Stekkholtsmýri, að jörðin yrði lítt byggileg. Eina ráðið, til þess að Stekkholt gæti haldið úrskiptu mýrlendi, er, að taka þyrfti upp framhaldsundirskipti, þar sem bætt væri við svo miklu hraunlendi, sem nægði til þess, að rétt eignahlutföll kæmu á hverja jörð. Sýslumaður féllst á að fara þessa leið, og með bréfi, dagsettu 10. nóvember 1961, skipaði hann Benedikt Bogason verkfræðing, Reykjavík, ásamt úttektarmönnum hreppsins þeim Erlendi Björnssyni, hreppstjóra, Vatnsleysu, og Skúla Gunnlaugssyni, oddvita, Bræðratungu, til að framkvæma framhaldsundirskipti. Þeim skiptum var að fullu lokið 17. júlí 1963.

Rétt þykir hér að vitna í niðurlag téðrar framhaldslandskipta-gerðar, en þar segir svo: „Við skiptin var notast við loftmyndir í skala nálægt 1:5000 af hluta svæðisins, kort eftir loftmyndum í skala 1:20000 frá bandaríska hernum og landakort frá Landmælingum Íslands í skala 1:50000. Farið var eftir jarðamati frá 1922.

Skiptanefndin lítur svo á, að samkvæmt 1. gr. landskiptalaga beri henni ekki að skipta öðru landi en því, sem notað er jöfnum höndum til vetrarþeitar. Nefndin ákvað því að skipta landi sunn-

an beinnar línu, sem dregin er þá vörðu ofan Skjónulautar í Brúará, þar sem Kinnargil kemur í hana. Land þetta takmarkast af mörkum hins áður skipta lands frá 27. sept. 1951 að austan og sunnan. Að vestan ráða landamerki torfunnar.

Mörk milli jarða á landi þessu ákvarðast þannig: Úthlíð fær land sunnan beinnar línu, sem dregin er úr horninu, sem Hrauntúnsmörk og Úthlíðarmörk koma saman norðan Brúntjarnar í skiptum frá 27. sept. 1951 í vörðu, sem hlaðin verður í áðurnefndum norðurmörkum 880 m frá Brúará á móts við Kinnargil. Síðan ræður norðurlína þessi 880 m í Brúará.

Hrauntún fær príhyrnu næst fyrir norðan, sem að sunnan takmarkast af áðurnefndri markalínu Úthlíðar, að norðan beinni línu, sem dregin er úr vörðu 1080 m norður frá áðurnefndu hornmarki Úthlíðar skammt norðan Brúntjarnar í áðurnefnda vörðu 880 m frá Brúará. Þriðja hliðin í príhyrningnum eru þessir 1080 m, sem takmarka landið að austan.

Stekkholt fær síðan príhyrnu norðan Hrauntúns — príhyrnnunnar að norðurmarkalínunni, sem getið er í upphafi. Stekkholti skal tryggð opin umferðarleið á þessa spildu sína.

Skiptanefnd telur sig ekki hafa heimild til að fara neitt ofan í fyrri undirskiptin frá 27. sept. 1951 og leiðréttta ágalla, sem talið er, að sé á þeim.“

Að loknu þessu innskoti verður nú tekið orðrétt upp úr yfirlandskiptagerðinni til loka hennar: „Í haust og vetur hefur svo verið unnið að undirbúningi yfirskipta hjá Landnámi ríkisins í samráði við formann nefndarinnar með kortagerð og tillögum, hvernig hagkvæmast og réttast megi skipta, þannig að hver jörð beri það úr býtum, sem henni ber, bæði hvað landstærð og landgæði snertir svo og legu landsins til hagkvæmrar nýtingar fyrir hverja jörð.

Eru þessar tillögur lagðar nú á þessum fundi til álits og umsagnar allrar nefndarinnar.

Í byrjun fundar lagði formaður fram bréf frá Ólafi Þorgrímssyni, hæstaréttarlögmanni, umboðsmanni Jóns Jónssonar, Stekkholti, sem fylgir málsskjölunum.

Svo sem bréf þetta ber með sér, er hér borin fram sú krafa, að enn verði hafin framhaldsundirskipti. Nefndin lítur svo á, að engin ástæða sé til þess að efna til framhaldsskipta, þar sem nú er nóg land fyrir hendi til að ná hagkvæmum og réttlátum skiptum.

Í landskiptalögum nr. 46 frá 27. júní 1941 segir í 1. gr.: „Eftir lögum þessum geta komið til skipta eða endurskipta að nokkru

eða öllu leyti heimalönd sveitajarða og afréttarlönd, sem jöfnum höndum eru notuð til vetrarbeitar, o. s. frv.“

Yfirlandskiptanefndin er sammála undirskiptanefndinni frá 1963, að samkvæmt þessari grein sé eigi fært að skipta Úthlíðartorfu lengra en norður að Miðfelli eða nánar tiltekið að línu, sem dregin er frá vörðu ofan Skjónulautar í Brúará gegnt Kinnargili, því að land norðan nefndrar línu verður ekki nýtt til vetrarbeitar, að dómi yfirlandskiptanefndar, vegna fjarlægðar frá byggð. Einnig að þessu athuguðu tekur yfirlandskiptanefndin ekki til greina kröfu Ólafs Þorgrímssonar, hæstaréttarlögmanns, um framhalds-undirskipti.

Á fundinum mættu og þeir Haukur og Steinar Þórðarsynir, eigendur Hrauntúns, svo og Sigurður Jónsson og Björn Sigurðsson, eigendur og ábúendur Úthlíðar. Þar sem Jón Jónasson, eigandi Stekkholts, mætti ekki, þá fór formaður yfirlandskiptanefndar ásamt tveimur nefndarmönnum til fundar við hann að Stekkholti, og gerði hann þar grein fyrir máli sínu.

Við yfirlandskiptin var að mestu notast við loftmyndir og kort, gert eftir loftmyndum, svo og kort landmælinga Íslands í mælikvarða 1:50000.

Af landi því, sem tekið var til undirskipta 23. sept. 1951, var gerð loftmynd í mælikv. ca. 1:5000, og síðan var gerð loftmynd í mælikv. ca. 1:10000 af öllu landi torfunnar, sem tekið var til yfirskipta 1965. Allar landstærðir voru mældar upp af slíkum myndum, og er yfirskiptanefndinni ljóst, að slík uppmæling er ekki nákvæm, en þar sem skiptin byggjast ekki eingöngu á landstærð, heldur einnig á gróðurfari og búskaparaðstöðu, telur nefndin og ráðunautar hennar, að loftmyndirnar séu innan þeirra nákvæmismarkna, sem krefjast verður við slíkt mat.

dómsorð:

1. Land Úthlíðartorfu neðan Andalækjar (Stekkholtsmýri).

Úthlíð fær land allt vestan línu, sem dregin er úr viki í vestara Arnarholtvatni (punktur A) milli Austurhlíðarítaks og vestara Hrauntúnstanga í vestasta stein í grjóttbrún ofan Faxakeldu (punktur B) þ. e. hin fornu engjamörk Hrauntúns og Úthlíðar. Þaðan ræður bein lína í vörðu við Andalæk á Svartabakka (punktur C). Að öðru leyti takmarkast landspilda þessi af þinglesnum landamerkjum aðliggjandi jarða. Einnig fær Úthlíð afmarkaða landspildu til umferðar meðfram Andalæk (brotin lína frá C til

D). Af landi þessu telst um það bil 1/3 úr ha ræktað, en í lélegu ástandi. Eigendur Úthlíðar skulu greiða eiganda Stekkholts kr. 1.500.00 fyrir ræktun þessa. Einnig ber eigendum Úthlíðar að setja upp girðingu Stekkholtsmegin spildunnar eftir vörðum þeim, sem þegar hafa verið settar upp.

Allt land annað úr Úthlíðartorfu neðan Andalækjar og austan línunnar A-B-C tilheyrir Stekkholti.

2. Land Úthlíðartorfu ofan Andalækjar, sem til skipta kom.

Úthlíð fær land, sem takmarkast af þinglesnum landamerkjum Úthlíðartorfu og Miðhúsa að suðvestan (frá Andalæk (punktur D) um Djákna, Fögrubrekku og í Brúará (punktur L). Brúará læður merkjum að vestan að vörðu gegnt Kinnargili (punktur K). Að norðan frá punkti K ræður bein lína í vörðu vestan Miðfells (punktur H). Frá punkti H ræður brotin lína um Brúntjörn (punktur G), Skyggisklett (punktur F) að vörðu við Andalæk á Breiðanesi (punktur E). Andalækur ræður merkjum milli E og D.

Hrauntún fær land allt, sem takmarkast að vestan af brotnu línunni E, F, G og H, að norðan af beinni línu frá punkti H um vörðu í Miðfelli ofan Skjónulautar (punkt I) í Hnifagil (punkt J). Að austan og sunnan ráða þinglesin landamerki aðliggjandi jarða (Dalsmýnnis og Austurhlíðar) frá punkti J við Hnifagil að vörðu við Andalæk á Breiðanesi (punktur E).

3. Öll landamerki, sem hér um ræðir, eru teiknuð af starfsmönnum Landnáms ríkisins inn á kort, gert eftir loftmyndum. Hornmerki eru nefnd bókstöfum þeim, sem vitnað er í hér að framan. Eitt eintak verður afhent sýsluskrifstofunni á Selfossi og málsaðilar fá sitt eintakið hver.

4. Allt annað land Úthlíðartorfu er óskipt sameign, og hefur ábúandi Stekkholts rétt til fjárrekstrar yfir skipt lönd, enda valdi slíkur fjárrekstur eigi tjóni á hinu úrskipta landi.

Einnig eru óskipt öll hlunnindi, svo sem veiði, vatnsafl og vatn til áveitu og neyzlu.

5. Kostnað af yfirskiptum þessum greiði aðilar að tiltölu við eignarhlutföll jarðanna, þ. e. Úthlíð 60%, Stekkholt 22% og Hrauntún 18% af heildarkostnaði.“

Ekki vildi Jón heitinn Jónasson, þáverandi eigandi Stekkholts, heldur ena við þessi yfirlandskipti og höfðaði því mál þetta, svo sem rakið er í upphafi dóms þessa.

Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að framangreind yfirlandskiptagerð á Úthlíðartorfunni, dags. 15. maí 1965, verði ógild með dómi réttarins. Jafnframt krefjast sóknaraðiljar þess, að við ný

skipti á Úthlíðartorfunni verði lagt fyrir skiptamenn, í samræmi við kröfu lögmanns stefnanda, áður en landskiptum lauk, að teknið verði til skipta allt land Úthlíðartorfunnar, þ. e. jarðanna Stekkholts, Hrauntúns og Úthlíðar, sameiginlega landið, eins og það var áður en skipti voru framkvæmd, norður að línu, „sem hugsast dregin austan frá Fari norðan Miðfells, beina línu vestur í Bröttuskriðu í Högnhöfða.“

Þá krefjast sóknaraðiljar málskostnaðar úr hendi varnaraðilja in solidum, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en sóknaraðiljum var veitt gjafsókn í máli þessu með bréfum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 23. júní 1970 og 5. febrúar 1971.

Dómkröfur varnaraðilja eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum sóknaraðilja og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr þeirra hendi, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en allir varnaraðiljar, nema Haukur Þórðarson, hafa fengið gjafvarnarleyfi með bréfum frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, dags. 5. apríl 1971 og 15. mars 1972.

Sóknaraðiljar rökstyðja ógildingarkröfu sína á yfirlandskiptunum með eftirfarandi hætti:

1. Að ekki hafi verið gætt rétttra sjónarmiða við matið. Tekinn sé stór hluti af mýrlendi, sem liggja á tiltölulega einangruðu svæði að bænum Stekkholti, og land þetta afhent Úthlíð til eignar án nokkurra röksemda. Hins vegar séu ekki að finna í matsgerðinni lýsingar á því, að Úthlíð eigi nóg af auðræktanlegu landi nær bæ þeirrar jarðar.

2. Þá sé yfirlandskiptum þannig hagað, að það litla land, sem Stekkholti sé ætlað til eignar út úr skiptunum, sé alveg aðskilið frá því, sem eftir er af óskiptu og sameiginlegu landi jarðanna, með því að landamerkjalinu ein sé látin skipta milli landanna, Miðhúsa og Úthlíðar, en ekki ætluð nokkur spilda þar á milli til umferðar fyrir ábúanda Stekkholts.

3. Þá telja sóknaraðiljar, að meðferð landskiptamálsins hafi á allan hátt verið þannig, að hún ein ætti að nægja til þess, að gerðin verði úr gildi felld. Landskiptin séu talin hefjast 23. september árið 1951 og lokið með skiptagerð 27. sama mánaðar. Þeirri skiptagerð hafi Jón heitinn Jónasson áfrýjað innan tilskilins frests til yfirlandskiptanefndar. Sú nefnd virðist ekki koma saman til að vinna að skiptunum fyrr en 18. maí 1956 og næsti fundur sé haldinn 31. október 1961. Skiptagerðin sjálf sé svo eigi dagsett fyrr en 15. maí 1965. Á þessum langa starfstíma nefndarinnar verði sýslumaður við tilmælum nefndarmanna um það að tilnefna þrjá

menn til að framkvæma svonefnd framhaldsundirskipti. Virðist þessi ráðstöfun hafa verið gerð án nokkurs samráðs við Jón heitinn Jónasson. Í þessum framhaldsskiptum hafi verið tekin tiltölulega lítil sneið af hinu óskipta landi til skipta, en hið sameiginlega land sé gífurlega mikið að víðáttu. Kröfum Jóns um það, að fram færu ný framhaldsskipti, áður en yfirlandskiptanefnd fellði sinn úrskurð, hafi verið hafnað á þeim forsendum, að nú væri nóg land fyrir hendi til að ná hagkvæmum og réttlátum skiptum. En þetta hafi þó leitt til, að stór hluti af Stekkholtsmýrinni hafi verið tekinn undan jörðinni.

4. Að endingu er því haldið fram af hálfu sóknaraðilja, að með yfirlandskiptunum hafi ábúandi Stekkholts algerlega verið útilokaður frá að brynna búpeningi í Andalæk, en aðgangur að því vatnsbóli sé nauðsynlegur í þurrkum. Þá er það að lokum fullyrt af hálfu sóknaraðilja, að með skiptunum hafi aðstaða til búrekstrar í Stekkholti versnað stórlega. Hafi það komið fram bæði í meiri fódurgjöf og minni fallþunga dilka.

Þeir Úthlíðarbændur, varnaraðiljarnir Björn Sigurðsson og Sigurður Jónsson, byggja sýknukröfu sína á því, að þeir séu nú búnir að venjast og sætta sig við þessi landskipti og hafi hagað sér eftir þeim, enda verði einhver að vera endir allrar þrætu, það mundi þess vegna valda nýju umróti og e. t. v. ófyrirsjáanlegum breytingum, ef farið yrði að skipta enn einu sinni, og engan veginn víst, að menn yrðu ánægðari með hin nýju skipti. Þá benda þessir stefndu á það, að sérfróðir menn hafi fjallað um skiptin (mælingar o. fl.) og að skiptin séu hvorki haldin formlegum né efnislegum göllum, er ómerkingu geti valdið. Er öllum staðhæfingum sóknaraðilja í þá átt mótmælt sérstaklega.

Stefndu Haukur og Steinar Þórðarsynir, eigendur Hrauntúns, reisa sýknukröfu sína á því, að af hálfu sóknaraðilja séu engin haldbær rök færð fyrir því, að þörf sé á að ógilda sex ára gamla yfirlandskiptagerð hinna færustu manna, er vissulega hafi gert sitt besta til að ná réttlátum landskiptum. Í skjóli gjafsóknarinnar sé nú að ástæðulausu verið að ýfa upp gömul sárindi. Endurskipting landsins sé engin trygging fyrir því, að aðiljar yrðu ánægðari, en hins vegar yrðu ný landskipti geysilega kostnaðarsöm.

Þá benda stefndu á það, að Hrauntún hafi við skiptin látið talsvert svæði af hendi í „mýrlendinu“, raunar eina land Hrauntúns þar. Þetta hafi verið gert til að meira land kæmi til skipta milli Úthlíðar og Stekkholts. Hrauntún hafi í staðinn fengið annað

land, sem sennilega hafi verið stærra að flatarmáli, en það sé talið óræktanlegt.

Óhjákvæmilegt hafi verið annað en að land það, sem Stekkholt hafi fengið við skiptin, hafi verið aðskilið frá því, sem eftir var óskipt. En samkvæmt yfirlandskiptagerðinni sé Stekkholti heimill fjárrekstur um hin skiptu lönd Hrauntúns og Úthlíðar.

Þá benda þessir stefndu á það, að framhaldsskiptin, sem fram fóru árið 1963, hafi ekki verið gerð að þeirra beiðni. Þeir telja fráleita þá kröfu sóknaraðiljanna að skipta óskiptu landi langt upp í óbyggðir, enda verði það land ekki notað jöfnum höndum til vetrarþeig, svo sem tilskilið sé í 1. gr. landskiptalaganna nr. 46 27. júní 1941.

Að endingu mótmæla þessir stefndu því, að sóknaraðiljum sé með yfirlandskiptunum meinaður aðgangur að Andalæk til brynn-ingar búpenings. Yfirlandskiptagerðin beri einmitt hið gagnstæða með sér. Séu því fullyrðingar sóknaraðilja um versnandi búskap-araðstöðu af téðum ástæðum út í hött.

Af hálfu varnaraðilja hefur verið vakin athygli á því, að kröfu-gerð sóknaraðilja sé óljós að því er varðar norðurmörk þess lands-
svæðis, er þau krefjast skipta á.

Niðurstaða dómsins.

Dómendur hafa gert áreið á vettvang með lögmonnum og aðiljum Halldóri Jónssyni og Birni Sigurðssyni.

Af þeirri vettvangsskoðun er ekki unnt að fallast á það með sóknaraðiljum, að jörðin Stekkholt hafi orðið afskipt við yfirlandskiptin frá 15. maí 1965. Við þau skipti fær Stekkholtið meginhluta Stekkholtsmýrarinnar, allt land í samhengi, svo sem fyrir er mælt í 10. gr., 1. mgr., landskiptalaga nr. 46 27. júní 1941. Þetta land er allt nærliggjandi jarðarhúsum. Það er að mestum hluta ræktanlegt með framræslu, nema syðst í mýrarfenjunum. Af hálfu sóknaraðilja er því ekki haldið fram, að Stekkholt hafi hlutfallslega fengið minna út úr skiptunum en því bar (22%).

Dómurinn telur, að það hafi verið rétt aðferð að láta framkvæma framhaldsundirskipti, svo sem gert var, áður en yfirlandskiptanefndin lauk skiptum sínum, þar sem yfirlandskiptanefndir starfa sem eins konar áfrýjunarstig gagnvart gerðum landskiptanefnda. Hefði þessi málsmeðferð ekki verið viðhöfð, hefði yfirlandskiptanefndin að minnsta kosti að hluta fjallað um landskiptin sem undirlandskiptanefnd. Þessi málsmeðferð leiðir því eigi til ógildingar yfirlandskiptanna.

Í 1. mgr. 1. gr. landskiptalaganna segir m. a.: „Eftir lögum þessum geta komið til skipta eða endurskipta að nokkru eða öllu leyti heimalönd sveitajarða og afréttarlönd, sem jöfnum höndum eru notuð til vetrararbeitar“

Það var álit þeirrar nefndar, er lauk framhaldsskiptunum 17. júlí 1963, og var það staðfest af yfirlandskiptanefndinni, að Úthlíðartorfan norðan línu, sem dregin er frá „vörðu ofan Skjónulautar í Brúará gegnt Kinnargili“, verði ekki nýtt til vetrararbeitar vegna fjarlægðar frá byggð. Dómurinn telur, að sóknaraðiljar hafi ekki sýnt fram á það, að þetta hafi verið rangt mat hjá landskiptanefndunum. Það varðar því eigi ógildingu yfirlandskiptanna, þótt Úthlíðartorfunni hafi ekki verið skipt lengra norður heldur en gert var.

Hitt er vissulega aðfinnsluvert, hversu lengi skiptin drógust í meðförum yfirlandskiptanefndarinnar, en rétturinn getur ekki fallist á það með sóknaraðiljum, að það eitt valdi ógildingu skiptanna.

Ekki telur rétturinn það heldur eiga að valda ógildingu yfirlandskiptanna, þótt Stekkholti hafi ekki verið mörkuð nákvæm braut til fjárrekstra um lönd Hrauntúns og Úthlíðar, þar sem dómurinn telur þennan rétt nægilega tryggðan Stekkholti með þeim hætti, sem hann er orðaður í yfirlandskiptagerðinni.

Það er röng staðhæfing af hálfu sóknaraðilja, að með yfirlandskiptunum sé þeim algerlega meinað að brynna búpeningi í Anda-læk, því að það er einungis í þeim hluta lækjarins, sem lendir vestan merkjaskurðar, sem grafinn hefur verið í Stekkholtsmýrinni til að skilja sundur hin úrskiptu lönd Stekkholts og Úthlíðar.

Við munnlegan flutning málsins lagði lögmaður sóknaraðilja ríka áherslu á það, að tilvísunarfor nafnið „sem“ í setningunni „sem jöfnum höndum eru notuð til vetrararbeitar“ í 1. gr. landskiptalaganna vísaði eingöngu til orðsins „afréttarlönd“ í setningunni á undan, en ekki til orðanna „heimalönd sveitajarða“, þess vegna hafi yfirlandskiptanefndinni borið að taka landið fyrir norðan línuna „frá vörðu ofan Skjónulautar í Brúará gegnt Kinnargili“ einnig til skipta, svo sem sóknaraðiljar hafi krafist. Það hafi eigi verið gert og þess vegna eigi að ógilda yfirlandskiptin.

Rétturinn getur ekki fallist á þennan skilning lögmannsins, þar sem telja verður, að við túlkun þessa ákvæðis liggji höfuðáherslan á orðinu vetrararbeit og að það eigi við bæði orðin „heimalönd“ og „afréttarlönd“, því að engin skynsamleg rök eru fyrir því, að

skipta beri heimalandi „norður fyrir vetrarþeitmörk“, en ekki afrétti.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, telur dómurinn, að margnefnd yfirlandskipti frá 15. maí 1965 séu hvorki haldin formlegum né efnislegum annmörkum, er valda eigi ómerkingu þeirra. Ber því að sýkna varnaraðilja af öllum kröfum sóknaraðilja í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt að fella málskostnað niður.

Málskostnaður sóknaraðilja ákveðst kr. 190.000 og greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni þeirra, Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 150.000 í talsmannslaun.

Málskostnaður varnaraðilja, þeirra Björns Sigurðssonar og Sigurðar Jónssonar, ákveðst kr. 190.000 og greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni þeirra, Sigurði Ólasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 150.000 í talsmannslaun.

Málskostnaður varnaraðiljans Steinars Þórðarsonar ákveðst kr. 105.000 og greiðist úr ríkissjóði.

Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni hans, Jóni Magnússyni hæstaréttarlögmanni, kr. 75.000 í talsmannslaun.

Páll Hallgrímsson, sýslumaður í Árnassýslu, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Hauki Hafstað framkvæmdastjóra og Magnúsi Thoroddsen borgardómara.

Dómsorð:

Varnaraðiljar, Björn Sigurðsson, Sigurður Jónsson, Haukur Þórðarson og Steinar Þórðarson, eiga að vera sýknir af öllum kröfum sóknaraðilja, Bergþóru Jónsdóttur og Halldórs Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Málskostnaður sóknaraðilja, kr. 190.000, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni þeirra, Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 150.000 í talsmannslaun.

Málskostnaður varnaraðilja Björns Sigurðssonar og Sigurðar Jónssonar, kr. 190.000, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni þeirra, Sigurði Ólasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 150.000 í talsmannslaun.

Málskostnaður varnaraðiljans Steinars Þórðarsonar, kr. 105.000, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni hans, Jóni Magnússyni hæstaréttarlögmanni, kr. 75.000 í talsmannslaun.